

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila. (570. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér heimild efnahags- og viðskiptaráðherra til að hefja rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila.

Viðskiptaráð fagnar allri viðleitni stjórnvalda til aðgerða til stuðnings heimila í landinu. Skuldastaða margra þeirra er mjög slæm og eiginfjárstaðan oft á tíðum neikvæð. Þá er atvinnuleysi enn umtalsvert og svo virðist sem fólk sé farið að missa að mörgu leyti þrótt því virðist sem það hafi dregið úr greiðsluvilja. Nauðsynlegt er fyrir almenning í landinu að sjá aðgerðarvilja stjórnvalda og að unnið sé að lausn á skuldavanda heimilanna. Þó nokkuð hefur þokast í þeim efnum undanfarin misseri og til stendur að gera betur, sbr. frumvarp um greiðsluaðlögun einstaklinga og fleiri í þeim dúr sem þingnefndir hafa nú til afgreiðslu.

Það er tekið undir þau sjónarmið í greinargerð með frumvarpinu að raunveruleg mynd af því ástandi sem ríkir í dag er nauðsynleg til þess að hægt sé að grípa til þeirra aðgerða sem þörf er á til að rétta samfélagið við aftur og koma heimilum landsins til hjálpar.

Viðskiptaráð getur þó ekki tekið undir þau orð í greinargerð frumvarpsins að þær upplýsingar, sem farið er fram á að ráðherra hafi aðgang að, séu nauðsynlegar til að ákvarðanir stjórnvalda verði teknar með upplýstum hætti. Nú þegar, eins og vísað er til í greinargerðinni, hefur hluti þessara upplýsinga verið tekinn saman af Seðlabanka Íslands og ætti sú samantekt að gefa stjórnvöldum mynd af stöðu mála svo upplýstar ákvarðanir geti verið teknar eða í það minnsta verið nýtanlegt sem grunnur til þess. Telji stjórnvöld nauðsynlegt að hefja aðra úttekt á stöðu heimilanna í landinu verður ekki séð að þörf sé á eins víðtækri heimild til öflunar upplýsinga og frumvarpið gerir ráð fyrir til að varpa ljósi á stöðuna.

Það verður heldur ekki séð af frumvarpinu að nægilega sé tryggt hvernig meðferð gagna er háttáð og að ekki verði rekjanlegt aftur til einstaklinga þau gögn sem aflað er. Svo tryggt verði með góðu móti að ekki verði hægt að rekja gögn aftur hlýtur samkeyrsla að vera gerð á grundvelli dulkóðunar en ekki kennitala, eðlilegt verður að teljast að allar upplýsingar séu þegar dulkóðaðar þegar þær berast ráðuneytinu. Sérstaka athugasemd verður að gera við það orðalag sem notað er í 3.gr. frumvarpsins, „...sem hverfandi litlar líkur er á að utanaðkomandi geti varparð aftur yfir í hin upphaflegu persónuauðkenni“. Notkun þessa orðalags vekur ekki upp traust á meðferð gagna, verður að mælast til þess að meðhöndlun ganga sé með þeim hætti að tryggt verði að ekki sé hægt að rekja gögn til viðkomandi persónu.

Þá verður einnig að gera athugasemd við það, enda verður annað ekki skilið af frumvarpinu og greinargerð þess, að ekki er gert ráð fyrir heildstæðri niðurstöðu úr vinnu ráðherra fyrr en maí 2013. Um langt tímabil er að ræða og það gæti verið of seint fyrir ansi mörg heimili ef beðið verður eftir niðurstöðu rannsóknar ráðherra áður en gripið verði til frekari aðgerða sé þeirra þörf að mati stjórnvalda.

Einnig er gert ráð fyrir að niðurstöður úr rannsókn verði kynntar fyrir ráðherranefnd sem síðan tekur ákvörðun um hvernig skuli bregðast við og hvort birta eigi opinberlega. Það verður að gera þá kröfu til rannsóknarvinnu sem þessarar að niðurstöður hennar verði birtar opinberlega óháð aðgerðum stjórnvalda. Það verður að teljast eðlilegt og jafnvel krafa almennings að vera gerð grein fyrir niðurstöðum svo að öllum megi vera ljóst ástand skuldugra heimila, en það einskorðist ekki aðeins við ráðherranefndina og viðhorf hennar til birtingar.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands